

Minjastofnun Íslands  
Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

Akureyri 14. júní 2019  
UST201906-080/H.V.  
09.05.01

### **Efni: Leyfi til rannsókna á menningarminjum á Hornströndum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Minjastofnunar Íslands, dagsett 11. júní 2019, um leyfi til rannsóknar á menningarminjum innan friðlandsins Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt a 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Í rannsókninni verða menningarminjar mældar upp, teknar myndir með dróna og minjar skjalfestar. Markmið rannsóknarinnar er að fá hugmynd um ástand og varðveisluskilyrði minja á Hornströndum. Starfsmenn rannsóknarinnar verða þrír. Nauðsynlegt er að fara út fyrir göngustíga þegar minjar eru mældar upp. Hugsanlega verða tekin 1-4 sýni úr rofi í sjávarbakka í Hælavík til aldursgreiningar. Rannsóknir á menningarminjum munu fara fram í Hælavík, á Atlastöðum, þremur stöðum á Straumnesfjalli, Látrakví, Látrum, Sæbóli og járnbraut, veg og herstöð á Darra.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur að rannsóknin sem um ræðir sé til þess fallin að auka verndargildi svæðisins ef litið er til þekkingar og varðveislu á minjum sem þar eru. Um er að ræða mikilvægt verkefni þar sem minjar á svæðinu eru nánast að öllu leyti óskráðar og mikilvægt að skrá þær áður en allt hverfur í haf eða gróður. Áhrif rannsóknarinnar á svæðið eru í lágmarki og mun hún hafa lítil áhrif á upplifun gesta, ef frá er talið drónaflugið. Með skynsamri notkun dróna er unnt að halda truflun í lágmarki, bæði fyrir dýralíf og gesti svæðisins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til rannsókna á menningarminjum innan friðlandsins Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti 48 klst fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er. Haga skal flugi dróna þannig að sem fæstir verði þess varir.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólki, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma og óheimilt er að fljúga dróna yfir bjargbrún.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal gengið á merktum göngustígum.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafli laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.


Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri

*Kristín Ósk Jónasdóttir*  
Kristín Ósk Jónasdóttir  
sérfræðingur